

Tillaga að lagabreytingu lögð fyrir aðalfund

Félags heimspekikennara 25. maí 2013

Þriðja grein sem hljóðar nú:

3. Stjórn félagsins er skipuð þremur mönnum, formanni, ritara og gjaldkera, og eru þeir kosnir til eins árs í senn nema formaður sem kosinn er til tveggja ára. Enginn skal sitja lengur en fjögur ár samfellt í stjórn.

verði breytt í:

3. Stjórn félagsins er skipuð að minnsta kosti þremur mönnum og kosin á aðalfundi félagsins. Formaður er kosinn sérstakri kosningu og situr til tveggja ára í senn. Aðrir stjórnarmenn eru kosnir til eins árs í senn og skipta með sér hlutverkum ritara og gjaldkera. Ef fleiri en þrír sitja í stjórninni bætast við hlutverk meðstjórnenda. Enginn skal sitja lengur en fjögur ár samfellt í stjórn.

Tillaga þessi er borin upp af Brynhildi Sigurðardóttur